

Sveitarfélagið Vogar  
Hanna Lía Hafsteinsdóttir  
Iðndal 2  
190 Vogar

Reykjavík, 24. mars 2023  
UST202303-231/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028 og nýtt deiliskipulag – Kirkjuholt – Viðbótarumsögn**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga er barst 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga og nýtt deiliskipulag við Kirkjuholt í Vogum.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að stofnanasvæðið Þ-3 Kirkjureitur sem er 1,1 ha er felld út og íbúðarsvæðið ÍB-9 og opið svæði OS-2-7 skilgreint í staðinn. Deiliskipulagið gengur út á að skilgreina þrjár lóðir fyrir fjölbýlishús á tveimur hæðum og eina parhúsaloð. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir 28 bílastæðum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið 21. mars sl.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir hvernig og hvort eldra fráveitukerfi þéttbýlisins geti tekið við auknu álagi vegna nýrrar íbúðabyggingar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að álag (mengun) við strendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólþs hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi. Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna kemur fram: „Sveitarstjórn setur í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.“

Sveitarfélaginu ber einnig að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem krafa er um viðeigandi hreinsun eða það sem heilbrigðiseftirlit telur viðeigandi miðað við aðstæður. Krafa um hreinsun er í gildi og óskar Umhverfisstofnun eftir að sveitarfélagið geri grein fyrir fyrirætlunum um hreinsun á fráveituvatni og hafi samráð og upplýsi Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um fyrirætlanir sínar.

Því þarf, eins og bent er á að ofan að gera grein fyrir hvernig og hvort eldra fráveitukerfi þéttbýlisins geti tekið við auknu álagi vegna nýrrar íbúðabyggingar.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að sveitarfélagið hafi í huga og geri ráð fyrir aukinni hreinsun á skólpi í framtíðinni t.d. með því að gefa hreinsistöðvum meira rými í skipulagi. Einnig er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að hafa í huga hvernig það ætlar að takast á við loftslagsbreytingar með tilliti til álags á fráveitukerfi en nú þegar kemur fyrir að fráveitukerfi ráða ekki við vaxandi úrkomuákefð og ágang sjávar vegna hækkunar sjávarstöðu. Auk þess vill stofnunin benda á að útrásirnar þurfa að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Auk þess er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnast til hafna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Agnes Þorkelsdóttir

**sérfræðingur**